

Sp.

168. Fyrirspurn

[154. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um útgjöld vegna læknis- og lyfjakostnaðar.

Frá Jónönnu Sigurðardóttur.

1. Hver voru útgjöld sjúkratrygginga frá 1. janúar 1983 til 31. október 1985 vegna:
 - A. lækniskostnaðar,
 - a. heimilislækninga,
 - b. sérfræðipjónustu,
 - B. lyfjakostnaðar,
 - C. tannlækniskostnaðar?

Samanburður óskast gerður milli ára á heildargreiðslum hvers árs, svo og á útgjöldum í hverjum mánuði fyrir sig á milli ára. Einnig er óskað að fram komi fjöldi heimilislækna og sérfræðinga í A-lið og tannlækna í C-lið sem fá greiðslur frá sjúkratryggingum samkvæmt samningi við Tryggingastofnun ríkisins. Upphæðir óskast tilgreindar á verðlagi 1. október 1985.

Hverjar eru helstu skýringar ef um er að ræða útgjaldaaukningu milli ára umfram verðlagsþróun?

2. Hver var þátttaka sjúklinga í heildargreiðslum læknis- og lyfjakostnaðar á árinu 1983—1984 og 1. janúar til 31. október 1985 samkvæmt A-lið (a og b) og B-lið? Upphæðir óskast tilgreindar á verðlagi 1. október 1985.
3. Hver hefur orðið hlutfallsleg hækkun lyfja- og lækniskostnaðar sjúklinga á ofangreindu tímabili samanborið við grunnhækkun elli- og örorkulífeyris annars vegar og tekjutryggingar hins vegar?

Skriflegt svar óskast.